



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. desember 2016
Tilvísun: 2016010205/0.6.1

Efni: Meðhöndlun úrgangs í Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 13. desember 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Breytt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík

Lögð fram drög að breyttri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík. Í drögunum hefur verið tekið tillit til athugasemda sem fram koma í bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 16. nóvember 2016, varðandi drög að endurskoðaðri samþykkt voru samþykkt í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 22. febrúar sl. og borgarstjórn 3. maí sl. Samþykkt samhljóða. Vísað til borgarráðs.

f.h. heilbrigðisnefndar Reykjavíkur



Björgvin Rafn Sigurðarson hdl.

Meðfylgjandi: drög að breyttri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík. Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 16. nóvember 2016.

SAMÞYKKT
um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Markmiðsákvæði.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu, tryggja vinnuvernd starfsfólks og góða þjónustu við íbúa. Horft verður til úrgangsprírhyrningsins í meðhöndlun úrgangs í Reykjavík, áhersla lögð á úrgangsförvarnir og mengunarþátæreglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reykjavíkurborg sér um söfnun á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík og hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva fyrir flokkaðan heimilisúrgang.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita öðrum aðilum tímabundna undanþágu frá 2 mgr. 2 gr. til söfnunar á flokkuðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík. Skilyrði undanþágu er að þjónusta sem veitt er sé meiri en þjónusta sem Reykjavíkurborg veitir, þ.e. nái til söfnunar á fleiri úrgangsflokkum. Í undanþágu skal kveðið á um nánari skilyrði hennar.

Undanþáguhafi skal gefa Reykjavíkurborg og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fullnægjandi skýrslu um magn úrgangs og flokkun hans, fjölda heimila, fjölda íláta, tíðni losunar og meðferð úrgangsins eða aðrar þær upplýsingar sem leyfishafi óskar auk almennra hollustu- og mengunarvarnaákvæða, á því formi sem gerð er krafa um og samkvæmt fyrirmælum um framsetningu. Undanþáguhafi skal veita Reykjavíkurborg og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gögn til staðfestingu á meðhöndlun úrgangsins, sé þess óskað. Undanþáguhafi skal veita upplýsingar að eigin frumkvæði fyrir 1. mars ár hvert. Sinni undanþáguhafi ekki þeim skyldum sem á hann eru lagðar er Heilbrigðisnefnd heimilt að fella undanþágu um söfnun á flokkuðum heimilisúrgangi í Reykjavík úr gildi að undangenginni viðvörun. Undanþágu skal aðeins veita þeim sem hefur starfsleyfi til endurvinnslu og flutnings úrgangs í Reykjavík.

Rekstraraðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun. Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun tiltekinna úrgangsflokka frá blönduðum úrgangi, sbr. 5. gr. samþykktar þessarar og eftir því sem við á kröfum um sorpgerði og – geymslur, sbr. 6. gr. og kröfum um gáma, sbr. 7. gr.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs í Reykjavík skv. 2. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og að farið sé að samþykkt þessari.

3. gr.

Umgengni á lóðum og lendum.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum eða gangstéttum. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bíflök, vélar og sambærilega hluti.

4. gr.

Söfnun á heimilisúrgangi.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ákveður. Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang skal losa að jafnaði á 14 daga fresti. Ílát fyrir pappírs- og pappauðrgang og ílát fyrir plast skal losa að jafnaði á 21 dags fresti. Heilbrigðisnefnd getur heimilað aðra hirðutíðni, s.s. í dreifbýli eða á Kjalarnesi svo gæta megi hagkvæmni við hirðu.

Heimilt er að óska eftir að heimilisúrgangur sé hirtur í gámum á yfirborði eða niðurgrofnum sem losaðir eru með krana sbr. 7. gr. Húsráðendur geta valið hirðutíðni gámanna en skal losun þeirra ekki vera örari en 7 daga fresti að jafnaði og skal blandaður úrgangur ekki hirtur sjaldnar en á 21 dags fresti að jafnaði. Önnur hirðutíðni en fram kemur í 1. mgr. 4. gr. er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg útvegar ílát, önnur en gáma sbr. 7. gr, til notkunar við íbúðarhúsnæði og eru ílátin yfirleitt 240 l plastílát. Húsráðendur sérbylishúsa getað óskað eftir plastíláti sem er 120 l, svokallaðri spartunnu. Reykjavíkurborg getur þó, ef aðstæður leyfa, heimilað spartunnu við önnur hús en sérbylishús. Þar sem stærri ílát henta, t.d. við fjöleignarhús, getur Reykjavíkurborg ákveðið notkun þeirra. Ílátin eru eign Reykjavíkurborgar og sér borgin um viðhald á þeim. Að lágmarki skal vera eitt ílát fyrir blandaðan úrgang við hvert íbúðarhús. Íbúðareigendur skulu gæta þess að valda ekki skemmdum á ílátunum. Verði ílát fyrir skemmdum af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur Reykjavíkurborg farið fram á að íbúðareigandi greiði fyrir nýtt ílát.

Íbúðareigendur skulu halda ílátum hreinum svo ekki skapist heilsuspillandi aðstæður eða óþægindi af völdum þeirra. Haldi íbúðareigendur ílátum ekki hreinum getur Reykjavíkurborg látið hreinsa ílátin á kostnað íbúðareigenda.

Húsráðandi, hússtjórn fjöleignarhúsa eða meirihluti eigenda í fjöleignarhúsum geta beðið um að ílátum sé fjölgað eða fækkað og greiðir þá viðkomandi fyrir flutning íláta samkvæmt reikningi. Fjöldi íláta skal ekki vera svo takmarkaður að þau yfirfyllist.

Gæta skal þess að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim, flytja og tæma. Tilfallandi umframúrgang sem ekki rúmast í íláti skal losa í sérmerкта poka sem bera hirðugjald, á grenndarstöðvar eða á endurvinnslustöðvar eftir því hvaða úrgangsflokk er um að ræða. Reykjavíkurborg skal sjá til þess að pokar sem bera hirðugjald séu seldir á aðgengilegum stöðum.

Í dreifbýli er Reykjavíkurborg heimilt í samráði við Heilbrigðisnefnd að setja ílát undir heimilisúrgang í alfaraleið í stað þess að sækja úrganginn á hvert heimili. Staðsetning íláta skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

Ganga skal þannig frá úrgangi að ekki stafi af honum hætta fyrir starfsfólk sem sinnir hirðu eða annarri meðhöndlun úrgangs, t.d. pakka inn glerbrotum og hvössum málmhlutum.

5. gr.

Flokkun úrgangs.

Íbúum og lögaðilum er skylt að endurnota eða flokka og endurnýta eins og kostur er. Ákvæðið gildir jafnt fyrir báða aðila.

Óheimilt er að setja eftirfarandi úrgangsflokka í ílát og poka fyrir blandaðan úrgang:

- a. Spilliefni, lyf eða annan hættulegan úrgang
- b. Timbur, brotamálm, múrbrot og annan grófan úrgang
- c. Garðaúrgang, jarðefni og grjót
- d. Pappír og pappa, svo sem dagblöð og tímarit, auglýsingapóst, prent- og ljósritunarpappír, fernur, eggjabakka og aðrar pakningar utan af matvælum og öðrum varningi hvort sem er úr sléttum pappa eða bylgjupappa s.s. morgunkornspakka, pítsukassa og pappakassa
- e. Skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir úr áli, plasti, gleri og stáli.

Úrganginn skal setja í ílát söfnunaraðila sem sérstaklega eru ætluð fyrir viðkomandi úrgangsflokka eða skila til söfnunar- eða móttökuaðila sem hefur leyfi til móttöku á viðkomandi úrgangsflokki.

6. gr.

Sorpgeymslur og -gerði.

Ganga skal þannig frá ílátum, sorpgeymslum og -gerðum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgeymslur og -gerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs. Við hönnun á nýjum og breytingar á eldri sorpgeymslum/-gerðum skal rými fyrir ílát miðast við áætlað úrgangsmagn sem til fellur í húsnæðinu og að aðgengi sé gott til losunar íláta. Rými fyrir ílát skal miðast við að öllum heimilisúrgangi, blönduðum og flokkuðum, sé safnað við húsnæðið.

Sorpílát skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð þegar losun fer fram eða ekki lengra en 15 m frá lóðarmörkum þar sem því verður komið við. Af ílátum undir úrgang við íbúðarhús sem draga þarf lengra en 15 metra að hirðubíl til losunar skal greiða viðbótarlosunargjald samkvæmt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavík. Þar sem fleiri en eitt ílát eru við hús skulu ílát sem ætluð eru sama úrgangsflokki geymd á einum stað en ekki dreift um lóð.

Halda skal greiðfærri leið að ílátum undir úrgang og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að ílátum

til losunar. Aðkomuleiðir að ílátum undir úrgang skulu, eftir því sem kostur er, vera upplýstar og upphitaðar svo ekki skapist hætta fyrir starfsfólk við losun ílátanna.

Séu sorpgeymslur eða -gerði læstar skal notast við lyklakerfi Reykjavíkurborgar. Þar sem fara þarf um lokuð hlið eða hurðir getur Reykjavíkurborg farið fram á að til staðar sé búnaður, t.d. krækjur, til að halda hurðum og hliðum opnum meðan losun fer fram.

Óheimilt er að staðsetja ílát undir úrgang sem eru þyngri en 40 kg þannig að fara þarf með þau um tröppur eða mikinn hæðarmun á lóð. Þar sem fara þarf með ílát um tröppur skulu vera á þeim fastar sliskjur eða rampi sem draga má ílátin eftir. Gangbraut milli sliskja skal vera u.þ.b. 35 sm breið og breidd hvernar sliskju minnst 20 sm.

Ef frágangur sorpgeymsla og -gerða er ekki í samræmi við samþykktu uppdrátti er heimilt að synja um losun íláts þangað til úrbætur hafa verið gerðar til samræmis við uppdrátti. Þinglýstum eiganda fasteignar skal gert viðvart og skorað á hann að bæta þar úr. Sama gildir um óviðunandi aðgengi eða frágang á sorpgeymslu eða -gerði sem gerir hirðu úrgangs erfiðleikum háð.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Gámar á yfirborði og djúpgámar.

Með gámum er í samþykkt þessari átti við bæði gáma á yfirborði og niðurgrafna gáma, svokallaða djúpgáma. Hægt er að óska eftir að heimilisúrgangur sé hirtur úr gámum sem losaðir eru með krana. Um skilgreiningu á gámum, hvort sem er á yfirborði eða djúpgáma, fer eftir staðlinum IST EN 13071 og skulu gámarnir uppfylla ákvæði staðalsins. Afla skal samþykkis sorphirðu Reykjavíkurborgar við val á gámum, fjölda þeirra og staðsetningu.

Kaup gáma, rekstur og framkvæmdir við gerð og frágang í kringum þá, hvort sem er kassi, gámur, lúga eða annar tengdur búnaður, skal vera á kostnað og ábyrgð lóðarhafa. Gámar skulu rúma það magn úrgangs sem til fellur frá fasteigninni. Við ákvörðun á fjölda gáma skal minnst gera ráð fyrir fimm úrgangsflokkum sem safna skal við heimili. Taka skal tillit til þyngdar viðkomandi úrgangsflokks við val á stærð og staðsetningu gáma.

Gámar skulu vera staðsettir á lóð viðkomandi fasteignar. Í undantekningartilfellum þar sem sýnt er fram á, með sérstökum rökstuðningi, að ekki sé unnt að staðsetja djúpgáma á lóð viðkomandi fasteignar er heimilt að staðsetja djúpgáma á sérstakri lóð sem er í tengslum við þá lóð sem fasteignin stendur á. Ætíð skal vera sami eigandi á lóð undir djúpgáma og eiganda lóðar.

Staðsetning gámanna skal vera þannig að losun þeirra hindri ekki aðra umferð og öryggi vegfarenda sé tryggt.

Lóðarhafi ber ábyrgð á rekstri gáma, hreinsun og umgengni um lóðina og nánasta umhverfi hennar eins og um annarskonar sorpgeymslur sé að ræða. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt að hreinsa lóðina á kostnað eiganda sé talin ástæða til þess, sbr. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Við ákvörðun fjarlægðar gáma frá inngangi fasteignar skal miða við viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar. Gámar skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir fyrir viðkomandi svæði.

Að öðru leyti gildir 2. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

8. gr.

Grenndarstöðvar.

Reykjavíkurborg rekur kerfi grenndarstöðva fyrir flokkaðan úrgang.

Á grenndarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar. Grenndarstöðvar skulu vera aðgengilegar öllum borgarbúum. Stöðvarnar skulu staðsettar á áberandi stöðum, þar sem íbúar og gestir borgarinnar eiga erindi og þar sem aðgengi er gott hvort sem er gangandi, hjólandi eða akandi. Þéttleiki grenndarstöðva skal vera þannig að að jafnaði verði ekki meira en 1 km fyrir íbúa að grenndarstöð. Þurfi að leggja niður grenndarstöð skal finna henni annan stað áður en starfsemi hennar er lögð niður.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ákveður hvaða flokkum úrgangs skal tekið við á grenndarstöðvum að fenginni tillögu Reykjavíkurborgar.

Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri grenndarstöð.

9. gr.

Endurvinnslustöðvar.

SORPA bs. sér um rekstur endurvinnslustöðva í Reykjavík. Þéttleiki endurvinnslustöðva skal vera þannig að að jafnaði verði ekki meira en 4 km fyrir íbúa að endurvinnslustöð. Þar sem því er ekki komið við er heimilt að fjölga þeim úrgangsflokkum sem tekið er við á eða við grenndarstöðvar í nágrenninu.

10. gr.

Gjaldtaka.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjöld skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsögn Heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöldin skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er og skal mengunarbótareglan vera höfð til hliðsjónar við ákvörðun gjaldtöku. Gjöld fyrir söfnun á heimilisúrgangi og rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva innheimtist með fasteignagjöldum á sömu gjalddögum.

Gjald fyrir heimilisúrgang skal miðast við fjölda og stærð íláta, tegund úrgangs, hreinsunartíðni og vegalengd sem draga þarf ílát við losun. Sé þessu breytt breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Reykjavíkurborg annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur.

Í fjöleignarhúsum er gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs skipt eftir hlutfallstölum eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á flatarmáli eignarhluta hvers eiganda.

Reykjavíkurborg er heimilt að veita öryrkjum og eldri borgurum undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 6. gr., um viðbótarlosunargjald, þegar sérstakar aðstæður krefja.

Gjald fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva er lagt á allar fasteignir að undanskildu atvinnuhúsnaði í Reykjavík.

Til tryggingar greiðslu samkvæmt gjaldskrá í 2. mgr. er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

12. gr.

Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

13. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 228/2013, um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, xx.nóvember 2016

F.h.r.

Greinargerð með breytingum á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík nr. 228/2013

Meðfylgjandi eru drög að Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg. Samþykktin er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. 3. mgr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Vegna breytinga á hirðutiðni og söfnun á flokkuðum og blönduðum heimilisérgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík er þörf á endurskoðun samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík. Drög að endurskoðaðri samþykkt voru samþykkt í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 22. febrúar sl. og borgarstjórn 3. maí sl. og send umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til staðfestingar 13. maí. Samþykktin með auðkenndum breytingum og ábendingar ráðuneytisins bárust Heilbrigðisnefnd 16. nóvember sl. þar sem óskað var eftir viðbrögðum við þeim áður en til staðfestingar kæmi.

Tekið var tillit til breytinga og ábendinga ráðuneytisins. Þó er rétt að tilgreina að ráðuneytinu barst erindi Öryrkjabandlags Íslands þar sem óskað var eftir því að Reykjavíkurborg myndi samræma uppröðun sorphiláta til að taka betra tillit til blindra og sjónskertra. Í Reykjavík er íbúum boðið upp á að velja hvort þeir hafa þjónustu við annað hvort pappírsefni eða plast eða báða flokka. Því myndi samræming á uppröðun íláta ekki gagnast sem skildi. Sorphirða Reykjavíkur og Blindrafélagið áttu samtalið um málið fyrir nokkru og ákveðið var að Blindrafélagið myndi beina fyrirspurnum um þetta til sorphirðunnar. Sorphirðan mun skrúfa mismargar skrúfur í lok ílátana fyrir hvern úrgangsflokk til að aðgreina úrgangsflokkanna þegar eftir því er óskað. Málið er því í farvegi og ekki talin ástæða til að breyta samþykktinni frekar vegna þessa.

Helstu breytingar á einstaka greinum eru eftirfarandi.

2. gr., almenn ákvæði

Bætt er við tilvísun í 3. mgr.

4. gr., söfnun á heimilisérgangi

Í 1. mgr. fellur út setningin: „Umhverfis- og skipulagssvið í samráði við Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur útbýr leiðbeiningar um fyrirkomulag, fjölda, aðgengi og staðsetningu íláta undir úrgang frá heimilum.“ Ekki er talin þörf á að vísa í samþykktinni til leiðbeininganna sem verið er að vinna.

6. gr., sorpgeymslur og -gerði

Gerð er krafa um að við hönnun á nýjum sorpgeymslum eða breytingum á eldri við íbúðarhús skuli rými fyrir ílát miðast við áætlað úrgangsmagn sem til fellur í húsnæðinu og að aðgengi sé gott til losunar ílátanna. Er þetta gert til að tryggja að nægt rými sé fyrir ílát. Tekið er fram að einungis sé tekið gjald af ílátum við íbúðarhús ef draga þarf ílát meira en 15 m.

7. gr., gámar á yfirborði og djúpgámar

Við 1. málsgrein bætist setningin: „Með gámum er í samþykkt þessari átti við bæði gáma á yfirborði og niðurgrafna gáma, svokallaða djúpgáma.“ Orðalagsbreyting er jafnframt gerð á málsgreininni skv. þessu.



Í 2. málsgrein er tekið skýrar fram að kaup gáma og búnaðar þeim tengdum eru á ábyrgð lóðarhafa. Einnig eru tilgreint að minnst skuli gera ráð fyrir 5 úrgangsflokkum þegar söfnun á úrgangi er í gámum við heimili. Áður var vísað til 3. mgr. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Málsgrein 4 er ný: „Skal sýnt fram á að öryggi gangandi, hjólandi og akandi vegfaranda sé tryggt við losun gámana og að hún hamli ekki akstri neyðarbíla eða þjónustu strætó„.

Aðrar greinar eru óbreyttar.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Eygerður Margrétardóttir
deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar.

From: Sigurbjörg Sæmundsdóttir [<mailto:sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>]

Sent: 16. nóvember 2016 15:25

To: Helga Björk Laxdal

Afrit: Árný Sigurðardóttir

Subject: umh16050035 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Sæl og blessuð.

Ráðuneytið hefur farið yfir samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík og fært inn auðkenndar breytingar og ábendingar. Óskað er eftir viðbrögðum við breytingunum og ábendingunum áður en til staðfestingar kemur. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um umfjöllun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um samþykktina.

Með þakklæti og kveðju,
SSæm

(See attached file: Úrgangur í Reykjavík.docx)

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, skrifstofa umhverfis og skipulags

Ministry for the Environment and Natural Resources, Department of Environment and Spatial Planning

Skuggasund 1, 150 Reykjavík, Iceland

Sími 545-8600, fax 562-4566 / Tel: +354-545-8600, fax +354-562-4566

www.umhverfisraduneyti.is / www.environment.is

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en þið prentið

Please consider the environment before printing

SAMÞYKKT
um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Markmiðsákvæði.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu, tryggja vinnuvernd starfsfólks og góða þjónustu við íbúa. Horft verður til úrgangspríhverningsins í meðhöndlun úrgangs í Reykjavík, áhersla lögð á úrgangsförvarnir og mengunarbótareglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reykjavíkurborg sér um söfnun á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík og hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva fyrir flokkaðan heimilisúrgang. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita öðrum aðilum tímabundna undanþágu til söfnunar á flokkuðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík. Skilyrði undanþágu er að þjónusta sem veitt er sé meiri en þjónusta sem Reykjavíkurborg veitir, þ.e. nái til söfnunar á fleiri úrgangsflokkum. Í undanþágu skal kveðið á um nánari skilyrði hennar.

Undanþáguhafi skal gefa Reykjavíkurborg og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fullnægjandi skýrslu um magn úrgangs og flokkun hans, fjölda heimila, fjölda íláta, tíðni losunar og meðferð úrgangsins eða aðrar þær upplýsingar sem leyfishafi óskar auk almennra hollustu- og mengunarvarnaákvæða, á því formi sem gerð er krafa um og samkvæmt fyrir mælum um framsetningu. Undanþáguhafi skal veita Reykjavíkurborg og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gögn til staðfestingu á meðhöndlun úrgangsins, sé þess óskað. Undanþáguhafi skal veita upplýsingar að eigin frumkvæði fyrir 1. mars ár hvert. Sinni undanþáguhafi ekki þeim skyldum sem á hann eru lagðar er Heilbrigðisnefnd heimilt að fella undanþágu um söfnun á flokkuðum heimilisúrgangi í Reykjavík úr gildi að undangenginni viðvörðun. Undanþágu skal aðeins veita þeim sem hefur starfsleyfi til endurvinnslu og flutnings úrgangs í Reykjavík.

Rekstraraðilar ~~sem úrgangur fellur til hjá~~ skulu sjálfir sjá um ~~söfnun og meðferð á þeim~~ koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun. Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun tiltekinna úrgangsflokka frá blönduðum úrgangi, sbr. 5. gr. samþykktar þessarar og eftir því sem við á kröfum um sorpgerði og –geymslur, sbr. 6. gr. og kröfum um djúpgáma, sbr. 7. gr.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs í Reykjavík skv. 2. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og að farið sé að samþykkt þessari.

3. gr.

Umgengni á lóðum og lendum.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum eða gangstéttum. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bílflök, vélar og sambærilega hluti.

4. gr.

Söfnun á heimilisúrgangi.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ákveður. Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang skal losa að jafnaði á 14 daga fresti. Ílát fyrir pappír- og pappauðgang og ílát fyrir plast skal losa að jafnaði á 21 dags fresti. Heilbrigðisnefnd getur heimilað aðra hirðutíðni, s.s. í dreifbýli eða á Kjalarnesi svo gæta megi hagkvæmni við hirðu. –Umhverfis- og skipulagssvið í samráði við Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur útbýr leiðbeiningar um fyrirkomulag, fjölda, aðgengi og staðsetningu íláta undir úrgang frá heimilum.

Heimilt er að óska eftir að heimilisúrgangur sé hirtur í gámum á yfirborði eða niðurgröfnum sem losaðir eru með krana sbr. 7. gr. Húsráðendur geta valið hirðutíðni gámanna en skal losun þeirra ekki vera örari en 7 daga fresti að jafnaði og skal blandaður úrgangur ekki hirtur sjaldnar en á 21 dags fresti að

Athugasemd [LHG1]: Er rétt að tala um undanþágu hér þegar um er að ræða einfalt starfsleyfi á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs?

Athugasemd [LHG2]: Þeir safna úrgangnum sjálfir. Spurning hvort ekki sé betra að segja hér að rekstraraðilar sjái sjálfir um koma úrgangi sem fellur til hjá þeim í viðeigandi meðhöndlun. Svo er tvíttekið í sömu setningu „sem úrgangur fellur til hjá“ og „úrgangi sem fellur til við reksturinn“

Athugasemd [LHG3]: leiðbeiningar fyrir hvern?

jafnaði. Hirðutíðni gáma önnur en sú sem tilgreind er í 1. mgr.– skal þó ávallt háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg útvegar flát, önnur en gáma, til notkunar við íbúðarhúsnæði og eru flátin yfirleitt 240 l plastflát. Húsráðendur sérbylishúsa getað óskað eftir– plastfláti sem er 120 l, svokallaðri ~~fláta~~ spartunna. Reykjavíkurborg getur þó, ef aðstæður leyfa, heimilað spartunnu við önnur hús en sérbylishús. Þar sem stærri flát henta við fjöleignarbylishús getur Reykjavíkurborg ákveðið notkun þeirra. Flátin eru eign Reykjavíkurborgar og sér borgin um viðhald á þeim. Að lágmarki skal vera eitt flát fyrir blandaðan úrgang við hvert íbúðarhús. Íbúðareigendur skulu gæta þess að valda ekki skemmdum á flátunum. Verði flát fyrir skemmdum af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur Reykjavíkurborg farið fram á að íbúðareigandi greiði fyrir nýtt flát.

Íbúðareigendur skulu halda flátum hreinum svo ekki skapist heilsuspillandi aðstæður eða óþægindi af völdum þeirra. Haldi íbúðareigendur flátum ekki hreinum getur Reykjavíkurborg látið hreinsa flátin á kostnað íbúðareigenda.

Húsráðandi, hússtjórn fjöleignarhúsa eða meirihluti eigenda í fjöleignarhúsum geta beðið um að flátum sé fjölgað eða fækkað og greiðir þá viðkomandi fyrir flutning fláta samkvæmt reikningi. Fjöldi fláta skal ekki vera svo takmarkaður að þau yfirfyllist. Að lágmarki skal vera eitt flát fyrir blandaðan úrgang við hvert íbúðarhús.

Gæta skal þess að fylla ekki flátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim, flytja og tæma. Tilfallandi umframúrgang sem ekki rúmast í fláti skal losa í sérmerkta poka sem bera hirðugjald, á grenndarstöðvar eða á endurvinnslustöðvar eftir því hvaða úrgangsflokk er um að ræða. Reykjavíkurborg skal sjá til þess að pokar sem bera hirðugjald séu seldir á aðgengilegum stöðum.

Í dreifbýli er Reykjavíkurborg heimilt í samráði við Heilbrigðisnefnd að setja upp flát undir heimilisúrgang í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrganginn á hvert heimili. Staðsetning fláta skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott. Í flátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

Ganga skal þannig frá úrgangi að ekki stafi af honum hætta fyrir starfsfólk sem sinnir hirðu eða annarri meðhöndlun úrgangs, t.d. pakka inn glerbrotum og hvössum málmhlutum.

5. gr.

Flokkun úrgangs.

Íbúum og lögaðilum er skylt að flokka og endurnota eða flokka og eða endurnýta eins og kostur er. Ákvæðið þessar greinar gildir jafnt fyrir báða aðila.

Óheimilt er að setja eftirfarandi úrgangsflokka í flát og poka fyrir blandaðan úrgang:– Úrganginn skal setja í flát söfnunaraðila sem sérstaklega eru ætluð fyrir viðkomandi úrgangsflokka eða skila til söfnunar eða móttökuaðila sem hefur leyfi til móttöku á viðkomandi úrgangsflokki:

- Spilliefni, lyf eða annan hættulegan úrgang
- Timbur, brotamálm, múrbrot og annan grófan úrgang
- Garðaúrgang, jarðefni og grjót
- Pappír og pappi, svo sem s.s. dagblöð og tímarit, auglýsingapóst, prent- og ljósritunarpappír, fernur, eggjabakka og aðrar pakkningar utan af matvælum og öðrum varningi hvort sem er úr sléttum pappi eða bylgjupappi s.s. morgunkornspakka, pítsukassa og pappakassa
- Skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir úr áli, plasti, gleri og stáli.

Úrganginn skal setja í flát söfnunaraðila sem sérstaklega eru ætluð fyrir viðkomandi úrgangsflokka eða skila til söfnunar- eða móttökuaðila sem hefur leyfi til móttöku á viðkomandi úrgangsflokki:

6. gr.

Sorpgeymslur og -gerði.

Ganga skal þannig frá flátum, sorpgeymslum og -gerðum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgeymslur og -gerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Sorpgeymslur og -gerði við íbúðarhús skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð eða ekki lengra en 15 m frá lóðarmörkum þar sem því verður komið við. Af flátum undir úrgang sem draga þarf lengra en 15 metra frá sorpgeymslu eða -gerði að hirðubíl til losunar skal greiða viðbótarlosunargjald samkvæmt kvæmtkv. gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavík. Þar sem fleiri en eitt flát eru við hús skulu flát sem ætluð eru sama úrgangsflokki geymd á einum stað en ekki dreift um lóð.

Við hönnun á nýjum sorpgeymslum/-gerðum eða breytingar á eldri geymslum/ eða gerðum, skal rými fyrir sorpilát miðast við að öllum heimilisúrgangi, blönduðum og flokkuðum, sé safnað við heimili.

Athugasemd [LHG4]: Í 1. mgr. er fjallað um hirðutíðni fláta en hirðutíðni gáma í 2. málsl. 2. mgr. – til hvers er ætlunin að vísa hér?

Athugasemd [LHG5]: ætti hér að að standa: „Þar sem stærri flát henta, t.d. við fjöleignarhús, getur...“

Athugasemd [LHG6]: Þessi málsliður á við fleira en um fjöleignarhús og passar því betur í 3. mgr. ákvæðisins, t.d. sem 5. málsli.

Athugasemd [SS7]: rökréttari röð

Athugasemd [SS8]: SA og SÍ leggja til að hér standi: Íbúum er óheimilt ... erum búin að fá umsögn frá Umhverfisstofnun sem leggur til að samþykktin verði samþykkt eins og hún kemur frá Reykjavíkurborg – innkomið bréf, dags. 9. ágúst 2016.

Ráðuneytið telur ekkert athugasemd við þetta og telur ekki þörf á að taka tillit til athugasemda SI og SA.

rökréttara að þetta verði nýr málsliður á eftir e. lið

Athugasemd [LHG9]: Ráðuneytinu hefur borist erindi frá ÖBÍ (UMH16090044). ÖBÍ biður um samræmda uppröðun sorpiláta meðal allra sveitarfélaga og þjónustuaðila (í þéttbýli, dreifbýli og frístundabyggð) vegna blindra og sjónskertra. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. úrgl. skulu sveitarstjórnir setja sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Síðan segir: "Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpiláta og sambærleg atriði." Valdinu til að ákveða staðsetningu sorpiláta hefur því sérstaklega verið falið sveitarfélögum með lögum. Í ljósi þess að samþykktir Rvkborgar eru oft öðrum sveitarfélögum til fyrirmyndar er spurning hvort borgin vilji nota þetta tækifæri til að taka á þessu vandamála blindra og sjónskertra.

Halda skal greiðfærri leið að ílátum undir úrgang og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að ílátum til losunar.

Séu sorpgeymslur eða -gerði læstar skal notast við lykklakerfi Reykjavíkurborgar. Þar sem fara þarf um lokuð hlið eða hurðir getur Reykjavíkurborg farið fram á að til staðar sé búnaður, t.d. krækjur, til að halda hurðum og hliðum opnum meðan losun fer fram.

Aðkomuleiðir að ílátum undir úrgang skulu, eftir því sem kostur er, vera upplýstar og upphitaðar svo ekki skapist hætta fyrir starfsfólk við losun ílátanna.

Óheimilt er að staðsetja ílát undir úrgang sem eru þyngrir en 40 kg þannig að fara þarf með þau um tröppur eða mikinn hæðarmun á lóð. Þar sem fara þarf með ílát um tröppur skulu vera á þeim fastar sliskjur eða rampi sem draga má ílátin eftir. Gangbraut milli sliskja skal vera u.þ.b. 35 sm breið og breidd hverrar sliskju minnst 20 sm.

Ef frágangur sorpgeymsla og -gerða er ekki í samræmi við samþykktu uppdætti er heimilt að synja um losun íláts þangað til úrbætur hafa verið gerðar til samræmis við uppdætti. Þinglýstum eiganda fasteignar skal gert viðvart og skorað á hann að bæta þar úr. Sama gildir um óviðunandi aðgengi eða frágang á sorpgeymslu eða -gerði sem gerir hirðu úrgangs erfiðleikum háð.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Gámar á yfirborði og djúpgámar.

Hægt er að óska eftir að heimilisúrgangur sé hirtur ~~í~~ **úr** gámum á yfirborði eða niðurgrofnunum gámum, svokölluðum djúpgámum, sem losaðir eru með krana. Um skilgreiningu á gámum, hvort sem er á yfirborði eða djúpgámum, fer eftir staðlinum IST EN 13071 og skulu gámarnir uppfylla ákvæði staðalsins. Afla skal samþykkis sorphirðu Reykjavíkurborgar við val á gámum, fjölda þeirra og staðsetningu.

Kaup, rekstur og framkvæmdir við **gerð og frágang í kringum gáma og djúpgáma**, hvort sem er kassi, gámur, lúga eða annar tengdur búnaður, skal vera á kostnað og ábyrgð lóðarhafa. Gámar skulu rúma það magn úrgangs sem til fellur frá fasteigninni. Við ákvörðun **á** fjölda gáma skal fara eftir viðeigandi ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sem tilgreinir fjölda úrgangsflokka sem safna skal við heimili. Taka skal tillit til þyngdar viðkomandi úrgangsflokks við val á stærð og staðsetningu gáma.

Gámar skulu vera staðsettir á lóð viðkomandi fasteignar. Í undantekningartilfellum þar sem sýnt er fram á, með sérstökum rökstuðningi, að ekki sé unnt að staðsetja djúpgáma á lóð viðkomandi fasteignar er heimilt að staðsetja djúpgáma á sérstakri lóð sem er í tengslum við þá lóð sem fasteignin stendur á. Ætíð skal vera sami eigandi á lóð undir djúpgáma og eiganda lóðar.

Lóðarhafi ber ábyrgð á rekstri gáma, hreinsun og umgengni um lóðina og nánasta umhverfi hennar eins og um annarskonar sorpgeymslur sé að ræða. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt að hreinsa lóðina á kostnað eiganda sé talin ástæða til þess, sbr. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Við ákvörðun fjarlægðar gáma frá inngangi fasteignar skal miða við viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar. Gámar skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir fyrir viðkomandi svæði.

Að öðru leyti gildir 2. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

8. gr.

Grenndarstöðvar.

Reykjavíkurborg rekur kerfi grenndarstöðva fyrir flokkaðan úrgang.

Á grenndarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar. Grenndarstöðvar skulu vera aðgengilegar öllum borgarbúum. Stöðvarnar skulu staðsettar á áberandi stöðum, þar sem íbúar og gestir borgarinnar eiga erindi og þar sem aðgengi er gott hvort sem er gangandi, hjólandi eða akandi. Þéttleiki grenndarstöðva skal vera þannig að að jafnaði verði ekki meira en 1 km fyrir íbúa að grenndarstöð. Þurfi að leggja niður grenndarstöð skal finna henni annan stað áður en starfsemi hennar er lögð niður.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ákveður hvaða flokkum úrgangs skal tekið við á grenndarstöðvum að fenginni tillögu Reykjavíkurborgar.

Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri grenndarstöð.

9. gr.

Endurvinnslustöðvar.

Athugasemd [LHG10]: Þetta mætti færa í 4. mgr.

Athugasemd [LHG11]: Mun Rvkborg sumse kosta gámana sjálfa? Því lóðarhafi af þessu ákvæði að dæma ber eingöngu kostnað af kaupum, rekstri og framkvæmdum við gerð og frágang í kringum þá.

Athugasemd [LHG12]: Lögin fjalla ekki um þetta. Í 3. mgr. 10. gr. laganna segir: „Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málmum, plasti og gleri, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Sveitarfélög skulu útfæra fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs, sbr. 8. gr., og ákvarða hvar úrgangi er safnað þannig að það sé aðgengilegt fyrir íbúa.“ Það er því sveitarfélaganna að ákveða hvar úrgangi er safnað.

SORPA bs. sér um rekstur endurvinnslustöðva í Reykjavík. Þéttleiki endurvinnslustöðva skal vera þannig að að jafnaði verði ekki meira en 4 km fyrir íbúa að endurvinnslustöð. Þar sem því er ekki komið við er heimilt að fjölga þeim úrgangsflokkum sem tekið er við á eða við grenndarstöðvar í nágrenninu.

10. gr.

Gjaldtaka.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003₂ um meðhöndlun úrgangs.

Gjöld skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003₂ um meðhöndlun úrgangs₂ og að fenginni umsögn Heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998₂ um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöldin skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er og skal mengunarbótareglan vera höfð til hliðsjónar við ákvörðun gjaldtöku. Gjöld fyrir söfnun á heimilisúrgangi og rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva innheimtist með fasteignagjöldum á sömu gjalddögum.

Gjald fyrir heimilisúrgang skal miðast við fjölda og stærð íláta, tegund úrgangs, hreinsunartíðni og vegalengd sem draga þarf ílát við losun. Sé þessu breytt breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Reykjavíkurborg annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur.

Í fjöleignarhúsum er gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs skipt eftir hlutfallstölum eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga nr. 26/1994₂ um fjöleignarhús~~nr. 26/1994~~. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á flatarmáli eignarhluta hvers eiganda.

Reykjavíkurborg er heimilt að veita öryrkjum og eldri borgurum undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 6. gr., um viðbótarlosunargjald, þegar sérstakar aðstæður krefja.

Gjald fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva er lagt á allar fasteignir~~–~~ að undanskildu atvinnuhúsnæði í Reykjavík.

Til tryggingar greiðslu ~~samkvæmt~~ gjaldskrá í 2. mgr. er lögveð~~sréttur~~ í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

11. gr.

Refsivíðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið ~~samkvæmt~~ ákvæðum laga nr. 7/1998₂ um hollustuhætti og mengunarvarnir₂ og 68. gr. laga nr. 55/2003₂ um meðhöndlun úrgangs.

12. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003₂ um meðhöndlun úrgangs, sbr. 23. mgr. ~~ákvæði~~ 25. gr. laga nr. 7/1998₂ um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 228/2013₂ um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, xx. ~~november~~ 2016

F.h.r.